



11. tbl. 18. árg.

24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
**Vandaðir
krossar á leiði!**
3ja ára
abrygð
JS LJÓÐSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Verður olíuhöfnin færð úr Örfirisey?



Þrjátíu olíutankar standa á einni flottustu lóð Reykjavíkurborgar nyrst í Örfirisey. Nú eru hafnar umræður um hvort vinna eigi að því að flytja olíuhöfnina og birgðastöðina og miða skipulagshugmyndir við að olíustarfsemin fari á komandi tímum.

Verður olíuhöfnin færð úr Örfirisey er spurning sem komin er fram varðandi skipulag höfuðborgarsvæðisins og svæðaskipulag í Reykjavík. Í aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að hafa verði í huga hvort finna eigi höfninni annan framtíðarstaða við heildarendurskoðun svæðaskipulags höfuðborgarsvæðisins. Með því að tengja þetta mál aðalskipulagi er það gert að samstarfsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og þau hafa engar athugasemdir gert við það.

Svæðaskipulagið hefur nú verið afgreitt án þess að Reykjavíkurborg hafi leitað eftir samstarfi við önnur sveitarfélög hvað þetta varðar. Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi segir það vera yfirsjón

að hafa ekki gert það og hana verði að leiðrétta. Hann hefur ásamt öðrum borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins lagt fram tillögu í borgarráði að tónkunum verði fundinn annar staður. Júlíus Vífill gagnrýnir deiliskipulagið fyrir Örfirisey sem hann segir hvorki vera fugl né fisk. Frjóar tillögur skorti til þess að auka áhuga á svæðinu og tengja það við miðborg Reykjavíkur. Á meðan olíubirgðastöðin er staðsett í Örfirisey þá skapar hún mikla umferð stórra og þungra olíubíla um gatnakerfi borgarinnar og þá einkum Vesturbæjarins. Umferð sem kallar eftir meiri umferðarmannvirkjum, skapar hættu í umferðinni og veldur mengun. Rætt er við Júlíus Vífil á bls. 8.

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**
DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
heilsuverslun
lifestream
hreinn lífræn næring
Ægisíða 121 /grænheilsa

**Siginn
fiskur**
í hádeginu alla
fimmtudaga
Sægreifinn
Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

- bls. 4-5
Viðtal við Huldu
Hlín Magnúsdóttur
myndlistarkonu
- bls. 12-13
Bernskuminning



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Melabúðin
Þín verslun
Hagamel 39 - Sími 551-0224

Lambakjötstilboð

fimmtudag - sunnudags
19.-22. nóvember á meðan birgðir endast

úr kjötborði

Panettone og Pandoro
vinsælu ítölsku jólakökurnar komnar aftur

Lambalæri 1498 kr/kg
Lambahryggir 1998 kr/kg
Lambafilé 3989 kr/kg



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
11. tbl. 18. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Stórt umhverfismál

Verður olíuhöfnin færð úr Örfiriseynni er spurning sem farin er að brenna á Vesturbæingum. Staðsetning hennar skapar mikla umferð stórra og þungra farartækja með eldfima vökva um gatnakerfi þessa bæjarhluta. Bæði um Hringbraut og einnig sjávarleiðina í gegnum miðbæinn og austur Sæbraut. Af þessu stafar umtalsvert álag á umferðargötur, hætta á óhöppum og síðast en ekki mengun frá þessum stóru farartækjum. Sá vandi sem olíuflutningarnir skapa í umferðinni verður trauðla leystur nema með því að leggja Geirsgötuna í stokk og þá er eftir að huga að því hvað gera þarf á Hringbrautinni.

Fram til þessa hefur verið talið næsta ólíklegt að olíuhöfnin verði færð á næstu áratugum. Nú virðist komin hreyfing á það mál en einnig er ljóst að Reykjavíkurborg leysir það ekki ein og sér heldur þarf að koma til samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og jafnvel á Suðurnesjum þegar þarf að finna olíubirgðastöð nýjan stað.

Að undanförmu hefur mikil uppbygging átt sért stað Örfirisey. Verslanir og viðskipti hafa flust inn á svæðið. Þar hafa einnig söfn, veitingastarfsemi og lista- og menningarstarf fundið sé stað að ógleymdri öflugri útvegs- og hafnsækinni starfsemi. Hið eldra atvinnulíf tengt sjávarútvegi og siglingum og hið nýja virðast falla vel hvort að öðru og eiga góða samleið.

Olíubirgðastöðin nær yfir um sjö hektara af landi yst á tanga Örfiriseynnar – á einum besta stað athafna og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Staðsetning hennar er orðin tímaskekkja sem bregðast þarf við. Því verður vart trúað að meirihluti borgarstjórnar sem kennir sig við umhverfismál, vill draga úr bílaumferð og mengun á öllum sviðum og skapa fólki huggulegt framtíðarumhverfi geri sig seka um að festa olíubirgðastöðina í Örfirisey til lengri framtíðar til þess að vera á móti máli sem borgarfulltrúar sem starfa í minnihluta hafa vakið verðuga athygli á. Þarna er um stórt umhverfismál að ræða sem umhverfisverndarsinnar ættu ekki að láta frá sér fara.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



Um sjö þúsund íbúðir

Um sjö þúsund íbúðir eru samþykktar í deiliskipulagi eða eru í skipulagsferli í Reykjavík. Þetta kom fram í máli Dags B. Eggertssonar borgarstjóra í málstofu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík í liðinni viku. Dagur gaf þar yfirlit um uppbygginguna og svaraði spurningunum hvar, hver og hvenær í þremur köflum. Þar kom fram að 3.500 nýjar íbúðir eru samþykktar í deiliskipulagi, 3.500 nýjar íbúðir eru í skipulagsferli 4000 til 5.000 nýjar íbúðir eru á þróunar- og framtíðarsvæðum.



Nær tvöföldun á útgefnum byggingarleyfum á milli ára

Mikil fjölgun hefur orðið á nýbyggingum íbúða í byggingu í Reykjavík á þessu ári miðað við síðastliðin ár samkvæmt málakerfi byggingarfulltrúa. Um eitt þúsund íbúðir munu verða byggðar á þessu ári. Hafin bygging á nýjum íbúðum stefnir því að vera meiri en þegar mest var árin 2004 þegar 885 íbúðir voru byggðar og 2005 þegar nýjar íbúðir voru 983. Um margföldun er að ræða frá árinu 2010 þegar einungis var hafin smíði á 10 nýjum íbúðum. Þess má geta að á árunum 1972 til 2014 voru að meðaltali byggðar 602 íbúðir á ári í Reykjavík.



Dagur og Khamshajiny hjuggu Oslóartreið

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri hélt til Noregs á dögunum

Þar sem hann felldi jólatré ásamt Khamshajiny Gunaratnam varaborgarstjóra í Osló. Khamshajiny tók við starfi sínu að loknum borgarstjórnarkosningum á liðnu hausti eftir að Verkamannaflokkurinn og VG mynduðu meirihluta en hún er ein af þeim sem tókst að flýja úr Útey þegar Anders Behring Brevik hóf þar skothríð á ungt fólk með skelfilegum afleiðingum. Oslóartreið verður tendrað á Austurvelli sunnudaginn 29. nóvember. Khamshajiny Gunaratnam varaborgarstjóri norsku höfuðborgarinnar mun koma hingað til lands af því tilefni. Myndin var tekin af Degi og Khamshajiny við arineld í Noregi að skógarhögginu loknu.

Aukið lýðræði barna og ungmenna

Skóla- og frístundaráð hefur ákveðið að setja á fót starfshóp um aukið lýðræði barna og ungmenna. Hópurinn mun skoða sérstaklega hugmyndir um umboðsmann ungmenna, fyrirkomulag ungmennabings og leita fyrirmynda í lýðræðisstarfi hér á landi og erlendis.

Reykvískir nemendur efstir í samræmdum prófum

Nemendur í Reykjavík standa sig best í öllum greinum samkvæmt fyrstu niðurstöðum samræmdra prófa í 10. bekk. Samræmd próf eru tekin í íslensku, ensku og stærðfræði. Hlutfall reykvískra nemenda sem fá einkunnina A í þessum greinum er á bilinu 9,7 til 11,3%.



Yfir 60 fyrirtæki ætla að setja sér markmið í loftslagsmálum

Rúmlega sextíu fyrirtæki skrifuðu undir yfirlýsingu um loftslagsmál í Höfða á dögunum. Með undirritun sinni skuldbinda þau sig til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir með aðgerðum sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs.

Viðsnúningur í rekstri

Áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016 til 2020 gerir ráð fyrir að rekstrinum verði snúið við á næsta ári og muni A-hluti borgarinnar sem heldur utan um grunnreksturinn skila 567 milljón króna afgangi. Þá muni samstæðan, A- og B-hluti verða rekin með tæplega 8,1 milljarða króna afgangi. Markmið áætlunarinnar er að grunnrekstur borgarinnar verði sjálfbær. Með því skapast svigrúm til fjárfestingar og dregið verður úr þörf fyrir skuldsetningu. Gert er ráð fyrir að heildarskuldir samstæðunnar lækki um 12.828 mkr. á næstu fimm árum. Þá er gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur sem hefur staðist allar áætlanir um viðsnúning í rekstri fari að skila hóflegum arði til eigenda sinna árið 2018.

Fjárfest fyrir tæpa tíu milljarða

Miklar fjárfestingar eru fram undan í borginni á næstu fimm árum. Fjárfest verður fyrir 9,9 milljarða króna á næsta ári. Langstærstu verkefni eru skólabyggingar, íþróttamannvirkir og menningarmiðstöð í Úlfarsárdal, viðbyggingar við Klettaskóla og Vesturbæjarskóla, útisundlaug við Sundhöll Reykjavíkur og stækkun Borgarbókasafns-menningarhúss við Tryggvagötu. Þá verður fjárfest í gatnagerð í nýjum hverfum við Hlíðarenda og Vogabyggð. Einnig stendur til að endurnýja götulýsingu á næstu árum og innleiða þar nýja tækni auk þess sem viðhald á gatnakerfi borgarinnar krefst talsverðra fjármuna.

Sex til sextán hæðir á Barónsreit

Í breytingartillögu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2013 er að finna heimildir um fjölda íbúða á Barónsreit í allt að 200 í stað 100 áður. Ákvæði um hæðir húsa á reitnum breytast þannig að skýrt er sett fram að hæðir húsa næst Hverfisgötu verði fjórar til sex hæðir en næst Skúlagötu verði viðmiðið sex til sextán hæðir. Um svæðið næst Skúlagötu skal viðmiðið almennt vera sex hæðir en ákvæði um sextán hæðir takmarkast við eitt háhýsi. Í samræmi við þetta er reitur 11 nú nefndur Barónsreitur-Skúlagata. Borgarráð samþykkti þann 15. október sl. að auglýsa tillöguna sem er kynnt samhlíða tillögu að deiliskipulagi hluta reitsins.

Vesturbæingar



Engin olía, engir bílar og allir á reiðhjólum.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktisímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Hagaskóli tók Skrekkinn

Úrslitakeppni Skrekks var haldin hátíðleg í Borgarleikhúsinu þann 16. nóvember sl. Alls tóku þar átta skólar þátt þar sem hvert glæsilegt atriðið á fætur öðru steig á svið.

Í ár var það Hagaskóli sem stóð uppi sem sigurvegari, atriðið Elsku stelpur kom Skrekknunum í Vesturbæinn á ný, en 13 ár eru liðin síðan Hagaskóli hreppti titilinn síðast. Það má með sanni segja að stúlkurnar í atriðinu hafi hreyft við mörgum með sterku og áhrifaríku atriði sínu þar sem þær hvetja stelpur til þess að standa á sínu og vera óhræddar við að vera þær sjálfar og berjast fyrir auknum rétti kvenna. Vesturbærinn getur svo sannarlega verið stoltur af þessum frábæra hóp sem hefur verið til fyrirmyndar bæði á sviði og utan þess. Áfram Hagaskóli.



Sigrinum fagnað innilega.

Eru tryggingarnar þínar í lagi?

VÍS



Kristinn Rúnar Kjartansson

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk

Úlfarsfell

SÍÐAN 1972



FRAMKÖLLUN GJAFAVARA
TÍMARIT BÆKUR
RITFÖNG LEIKFÖNG
KAFFI KAKÓ EXPRESSO
FRAPPÓ TE LATTE
OG MEÐLÆTI

Sendið myndir á framkollun@ulfarsfell.is
beint út síma. 490 kr 10 stk. 3900 100 stk.
Hagamel 67, sími 552 4960

FUJIFILM

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is



Öll rúnstykki á

80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is



Hulda Hlín nam málalalist á Ítalíu og lauk prófi frá Listaakademíu Rómar. Þarna er hún stödd í Feneyjum á Ítalíu.

Listsköpun Huldu Hlínar einkennist af sterkum litasamsetningum, hreyfingu og flæði. „Ég hef alltaf haldið mig að mestu við málverkið. Nýjustu verk mín eru þó óhlutbundnari en áður. Ég hef tileinkað mér lífrænan blæ og minna verkin stundum á landslag innan frumu eða lífveru eða líkjast plöntum frá öðrum heimi. Eldri verkin mín minna meira á flæðandi kletta eða fjöll. Ég fann mér oft innblástur í formum kletta og fjalla íslenskrar náttúru og heillandi lita þess og ljóss. Að undanfögnu hef ég verið að leysa þetta nokkuð upp. Þreifa mig áfram með abstrakt. Formin hafa því hlotið aukið frelsi og landslagið leyst upp, jafnvel í innri heima eða fjarlægjar víddir. Ég legg mikla áherslu á dularfullt samspil forma og lita og nota einkum olíu á striga, olíupastel, akrýl, kol eða blýant.“

Skammdegið vinsæll tími til heimferða

„Ég var í sjö ár á Ítalíu. Nam fyrst við listaakademíuna í fjögur ár en bætti svo tveimur árum við þar sem ég vann að mastersverkefni mínu í listasögu. Ég sleppti þó aldrei tengslunum við Ísland. Kom heim á hverju ári. Einkum var veturinn og skammdegið vinsæll tími til heimferða og ég kom alltaf heim á jölunum enda ávallt mikið jólastemning í rauða húsinu. Það var hins vegar meira um að ég fengi ættingja út til mín á sumrin. Á árinu 2007 fluttist ég aftur til Íslands. Þetta var ef til vill ekki besti tíminn. En maður sá ekki fyrir allt sem átti eftir að verða. Hrunið og allt sem tengdist því og afleiðingar fyrir land og þjóð.“

Eins og klassísk tónlist og rapp

Hulda Hlín er stöðugt að mála og þróa listsköpun sína. Hún hefur einnig sinnt öðrum viðfangsefnum. Hún hefur verið að kenna – að halda námskeið og einnig fengist nokkuð við skrif í tímarit – skrif sem tengjast listinni. Hulda Hlín mun halda námskeið um liti og litskynjun á vinnustofunni sem hefst í lok nóvember og nánar um það má sjá á vef

listakonunnar huldahlin.com. „Mér finnst myndlistin skiptast nokkuð í tvo heima. Ég hef alltaf verið heilluð af hinum fyrri. Þeim heim sem byggir á verkum gömlu meistaranna – á málverkinu sjálfu. Svo er það konsept listin sem er mun víðari tjáning. Þar er beitt mun margbreytilegri aðferðum. Sumar þeirra eru sóttar í leiklist eða leikræna tjáningu og blandað við hið myndræna form. Listsýningar fara stundum að minna á leikhús. Þetta er svona eins og klassísk

tónlist og rapp svo ég taki líkingu úr tónaheiminum.“ Myndir Huldu Hlínar eru í uppganginum að vinnustofu hennar og í vinnustofunni sjálfri. Myndir frá ýmsum tímum í lífi hennar og starfi. Í hverri mynd er ljóst að litirnir eru henni hugleiknir í hvað formi sem hún lætur þá flæða. Áberandi hús í bæjarmyndinni, saga þess og íbúar í gegnum tíðina og myndlist Huldu Hlínar mynda skemmtilega heild fyrir ofan Tjörnina Vesturbænum í Reykjavík.

Kæru Vesturbæjarbúar
Verið velkomin á kynningarfund vegna
uppbyggingar á Keilugranda 1

Vekjum athygli á fundi á vegum Reykjavíkurborgar og Búseta vegna deiliskipulags sem í vinnslu er á þróunarreitnum Keilugranda 1. Um er að ræða opinn fund um frumtillögur Kanon arkitekta að deiliskipulagi reitsins á meðan það er enn í vinnslu. Kynntar verða hugmyndir um uppbyggingu og aðlögun að núverandi byggð ásamt því að kalla fram endurgjöf og ábendingar frá íbúum nágrennisins og annarra áhugasamra.

Fundurinn verður miðvikudaginn 25. nóvember kl. 20 í Félagsmiðstöðinni Vesturreitum við Aflagranda 40. Heitt á könnunni og allir velkomnir.



4ra rétta | 7 rétta
10.500 kr. | 12.500 kr.

JÓLASEÐILL GRILLSINS ER FULLKOMIÐ SAMSPIL MATAR OG DRYKKJAR

Við erum stolt af rótum okkar og berum virðingu fyrir sögunni en leyfum okkur að skapa nýstárlega matarupplifun





Á myndunum má sjá að það var vel mætt og mikil gleði.

Eineltisáætlunin kynnt á Ægisíðunni

Mikið fjör var á Ægisíðunni föstudaginn 6. nóvember sl. þar sem flestir leikskólar úr Vesturbænum voru saman komnir til að taka við eineltisáætlun fyrir leikskóla í Vesturbæ. Áætlun þessi nefnist "Virðing í Vesturbæ" og nær til allra leikskóla Vesturbæjar. Fulltrúar leikskóla ásamt Herði Guðbjörnssyni verkefnisstjóra í Vesturgarði hafa á undanförmu einu og hálfu ári unnið að þessari áætlun og nú er hún tilbúin. Það var Skúli Helgason borgarfulltrúi sem afhendi börnum úr leikskólunum þessa áætlun ásamt því að afhenda þessa áætlun voru sungin nokkur leikskólalög.

Góðgerðardagur í Hagaskóla

- Styrkja flóttamenn og forvarnarverkefni gegn sjálfsvígum karla

Nemendur Hagaskóla ákváðu að styrkja flóttamenn og forvarnarverkefni gegn sjálfsvígum karla á góðgerðadagurinn Gott sem haldinn var í Hagaskóla, fimmtudaginn 5. nóvember sl. Þetta er í sjöunda sinn sem dagurinn er haldinn en verkefnið hefur verið í undirbúningi meðal nemenda og starfsmanna í nokkrar vikur. Markmiðið með góðgerðadeginum er fjölþætt meðal annars að vekja nemendur til umhugsunar um hvað felst í sjálfboðaliða- og hjálparstarfi, fræðast um ólíkan aðbúnað barna og ungmenna í heiminum og síðast en ekki síst að unglingar upplifi að þeir geti haft áhrif og með góðri samvinnu næst góður árangur.

Dagurinn sem löngu er orðinn fastur liður í skólastarfi Hagaskóla var frábær. Unnið hefur verið að því undanfarin ár að auka vægi góðgerðahluta verkefnisins þar sem nemendur fá fræðslu um góðgerðastarf og



Dagamunur gerður á góðgerðardegi í Hagaskóla.

hefur það gengið vel. Hins vegar er það alltaf afraksturinn sem mesta athygli fær skiljanlega

enda koma þar um 500 nemendur fram og sjá um keyrslu á mörg þúsund manna hverfishátíð sem á sér enga hliðstæðu. Fjölmennt nefnd nemenda sem skipuð er nemendum úr öllum árgöngum tók ákvörðun um að ágóði söfnunarinnar muni renna til tveggja góðgerðarmála eins og undanfarin ár. Í ár hafa nemendur valið að styrkja flóttafólk frá Sýrlandi og Útmeða – forvarnarverkefni gegn sjálfsvígum ungra karlmannna.

Stuðningsfjölskyldur óskast

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir traustum og jákvæðum einstaklingum og fjölskyldum sem hafa áhuga á að taka að sér að vera stuðningsfjölskyldur fyrir börn í 2 til 5 sólarhringa á mánuði.

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn eða barn sem býr við félagslega erfiðleika í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að veita barni tilbreytingu og léttu álagi af fjölskyldu þess.

Gerð er krafa um sveigjanleika, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð, samviskusemi og heiðarleika. Reynsla af umönnun barna er æskileg.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru samkvæmt verktakasamningi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Brynja Bergmann Halldórsdóttir í síma 411-1500 eða með því að senda fyrirspurn á brynja.bergmann.halldorsdottir@reykjavik.is

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.



VETRARSTEMNING Í REYKJAVÍKUR APÓTEKI FÖSTUDAGINN 20. NÓVEMBER KL. 13-18

RÓSA RÚNUDÓTTIR SNYRTIFRÆÐINGUR SÝNIR SPENNANDI NÝJUNGAR ÚR VETRAR- OG JÓLALÍNUM.
20% AFSLÁTTUR MEÐAN Á KYNNINGU STENDUR.

Lagt til að festa sumargötur í sessi

Meirihlutinn í umhverfis og skipulagsráði lagði fram tillögu á síðasta fundi ráðsins um að festa í sessi göngugötur í miðborg Reykjavíkur og tíma-setningu þeirra. Samkvæmt tillögunni verður Laugavegi lokað fyrir bílaumferð við Vatnsstíg, að gatnamótum Bankastrætis og Þinghóltsstrætis, og Skólavörðustígur verður lokaður fyrir bílaumferð við Bergstaðastræti. Pósthússtræti við Kirkjustræti verður lokað og Hafnarstræti.

Samkvæmt tillögunni verður blómakerum og bekkjum komið fyrir í bílastæðum á svæðinu. Eitt bílastæði verður þó alltaf laust fyrir vöruafgreiðslu. Tillagan byggir á könnun sem gerð var 2012 þar sem 63,2% borgarbúa voru hlyntir sumargötum og árið eftir jókst hlutfall í 67,9% og í ár eru 76% borgarbúa hlyntir sumargötum samkvæmt könnunum Capacent. Í tillögunni er einnig lagt til að starfshópur verði skipaður til að skoða mögulegar göngugötur um helgar í aðventunni og frá föstudeginum 18. desember til 24. desember, í tengslum við Hönnunarmars, allar helgar frá miðjum mars 2016 og á meðan Iceland Airwaves stendur. Ekki er samstaða um þessar hugmyndir í borgarstjórn og greiddu fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar atkvæði gegn tillögunni.



Ánægjan aukist ár frá ári

Tilraunir með göngugötur í miðborginni hafa staðið yfir síðustu sumur og hefur ánægja borgarbúa með þær aukist ár frá ári, samkvæmt könnunum Capacent hefur gert. Nú hefur verið lagt til að loka ákveðnum götum til frambúðar í fimm mánuði frá 1. maí til 1. október. Í skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Miðborgina okkar í apríl síðastliðnum þar sem kannað var viðhorf félagsmanna til sumargatna voru 58,3% hlyntir sumargötum á Laugavegi

og Skólavörðustíg miðað við reynslu undanfarinna ára þar sem lokað væri fyrir bílaumferð frá kl. 12 yfir sumarmánuðina en 38,9 voru því andvígir. Þá voru 39,4% hlyntir lokunum alla daga óháð veðri en 35,8% þegar þurrt væri og hiti yfir 10%. Það voru hins vegar 59,8% andvígir því að lengja tímabilið í 5 mánuði þannig að það myndi hefjast 1. maí og ljúka 1. október en 34,6% voru því hlyntir. Fjöldi svara í könnuninni var 109 og svarhlutfallið 41,4%.

Lömbin þagna



Lambafilé, salat, kartöflur og bernaísesósa hússins á 2.995 krónur.

Bike Cave


Einarsnesi 36 • 101 RVK

www.bikecave.is

Erum á Facebook

Símar 770-3113 og 666-6136

BIKE CAVE



BISTRO AND BREWERY

Bryggjan er sjálfstætt brugghús, veitingastadur og bar við höfnina í Reykjavík sem leggur áherslu á fersk hráefni og gæða bjór af ýmsum tegundum sem dælt er beint úr brugghúsinu. Bryggjan getur tekið á móti allt að 280 gestum og er opin frá 11 til 12 og 11 til 01 um helgar, stærri hópar velkomnir til kl 03 um helgar.

Bistro

Bryggjan Bistro býður uppá fjölbreyttan og vandadan matsedil þar sem áhersla er lögð á ferskar sjávarafurdir, veiddar við strendur Íslands, auk hefðbundna rétta sem Margrét Ríkharðsdóttir, matreidslumeistari, hefur valið af kostgæfni. Bragðlaukar sælkeranna verða ekki sviknir á Bryggjunni. Eldhúsið er opid frá klukkan 11:30 til 23:00.

Bar & Brugghús

Metnaður okkar liggur í að framleiða og bjóða uppá fjölbreytt úrval ýmissa veiga. Barinn státar af 12 bjórdælum sem veita bjór beint úr brugghúsinu og sérsníðaður vinskápur heldur auðugu vinsafni okkar í fullkomnu hitastigi.

Bergur Gunnarsson, bruggmeistari, leggur mikinn metnað og rannsóknir í bjórpörun með bragðgóðum réttum úr eldhúsinu, Arturo Santoni Rousselle, vínbjónn, velur vínin vandlega og Dominik Roman Kocon blandar hanastél af einstakri fagmennsku.

Bruggsalurinn

Bruggsalurinn rúmar um og yfir 100 manns í sæti og hentar hópum vel fyrir ýmis tækifæri. Hægt er að loka salnum með fallegum tjöldum og þar má finna skjávarpa og öll helstu nútíma þægindi sem hópar kunna að nýta sér við veisluhald jafnt sem fundi.

Bryggjan Brugghús Grandagardi 8 101 Reykjavík tel: 00354 456 4040
www.bryggjanbrugghus.is <https://www.facebook.com/bryggjanbrugghus>
booking@bryggjanbrugghus.is

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi

Vill láta skoða brottflutning olíutankanna úr Örfirisey

„Á flottustu lóðum sem hugsast getur í borginni standa 30 olíutankar. Við virðumst sætta okkur við að olíugeymslur fái að vera í friði á besta útsýnisstað við Faxaflóa. Væntanlega ræður því gamall vani. Frá olíubirgðastöðinni í Örfirisey streyma fullfermdir olíutrukar um götur borgarinnar og þaðan út á þjóðvegi landsins. Þetta er ekki gott í neinum skilningi og auðvitað er hægt að finna leiðir til að breyta þessu,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi í samtali við Vesturbæjarblaðið. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa nú lagt fram tillögu í borgarráði að tönkunum verði fundinn annar staður.

„Ég tel að ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taka höndum saman til að finna olíutönkunum nýjan stað yrði um mikilvægt skref að ræða til að auka umhverfis- og loftgæði í þéttbýli,“ segir Júlíus Vífill. „Olíubirgðastöðvar þurfa ekki að vera staðsettar á öndvegisstöðu og vonandi hyllir undir að nýir umhverfisvænni orkugjafar taki

við af jarðefnaeldsneyti.“ Júlíus bendir á að í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030 sé ákveðið að framtíðarstaðsetning olíutankanna í Örfirisey verði höfð í huga við heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. „Með þessum hætti er það gert að samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að finna tönkunum nýjan stað og nágrannasveitarfélögin gerðu engar athugasemdir við það vinnulag þegar tillaga að aðalskipulagi Reykjavíkur var kynnt fyrir þeim.“

Nýtingarmöguleikar munu gjörbreytast

Júlíus Vífill segir að nú hafi svæðisskipulag verið afgreitt án þess að leitað hafi verið eftir samstarfi við önnur sveitarfélög. „Við sem stöndum að tillögunni í borgarráði teljum það vera yfirsjón sem þurfi að leiðrétta þótt seint sé. Þarna er um allt að sjö hektara lóð að ræða sem tankarnir standa og verði þeir fluttir á brott munu nýtingarmöguleikar svæðisins gjörbreytast og Örfirisey taka



Júlíus Vífill telur tíma kominn til að huga að brottflutningi olíubirgðastöðvarinnar úr Örfirisey.

á sig nýja mynd. Það er stórt umhverfismál fyrir borgarbúa að losna við umferð olíutrukka af götum borgarinnar fyrir utan þjónustu við bensín- og olíuafgreiðslustöðvar.“

Þarf að fá hugmyndir inn í svæðaskipulag

Júlíus Vífill segir nauðsynlegt að taka hugmyndir um nýja staðsetningu olíubirgðastöðvarinnar upp í svæðisskipulagi. „Við greiddum atkvæði gegn deiliskipulagi Örfiriseyjar sem að mínu mati hvorki fugl né fiskur. Við höfum sett fram samhljóða bókanir um málið í umhverfis- og skipulagsráði, borgarráði og loks í borgarstjórn. Við viljum að horft verði til framtíðar og þeirra fjölmörgu tækifæra til byggðarþróunar sem liggja í nýtingu Örfiriseyjar en teljum að tillaga að deiliskipulagi svæðisins sem fulltrúar meirihlutans sameinast um sé að mestu staðfesting á úreltum skipulagsáætlunum. Löngu er orðið tímabært að færa þær áætlanir til nútímalegra horfs.“

Veitinga- og listamenn fóru að starfa í Örfirisey

Júlíus Vífill segir að meiri-



Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi.

hlutann í borgarstjórn skortir hugmyndaauðgi og frjóar tillögur sem miða að því að gera svæðið áhugavert og styðja við nærliggjandi íbúðabyggð í Vesturbænum ásamt því að tengja það við miðborg Reykjavíkur. Hann bendir á að Veitinga- og listamenn hafi farið að starfa í gömlu verbúðunum fyrir sex árum hafi

þannig opnað augu þeirra sem stunda annan atvinnurekstur í Örfirisey fyrir því að hafnsækin starfsemi og iðandi mannlíf borgarbúa og aðkomufólks fer vel saman. „Ég get sagði því til staðfestingar að nú hefur eitt útgerðarfyrirtæki horft til þess að listasafn muni starfa í hluta starfsstöðvar þess en þar er einnig stefnt að veitingarekstri.“

Skautað yfir Örfirisey

Júlíus Vífill segir að í aðalskipulagi Reykjavíkur sem samþykkt var á síðas ta ári sé skautað yfir Örfirisey. Sem dæmi megi nefna að þar er sett fram sú stefna að útiloka landfyllingar næstu áratugina. „Að baki slíkri stefnu liggur engin vinna, engar samanburðaráætlanir eða umhverfismat, ekkert samráð eða hugmyndaleit að fjölbreytilegri nýtingu sem svæðið býður upp á. Með þessari gamaldags tillögu að deiliskipulagi Örfiriseyjar er verið að glata tækifæri til að glæða hafnarsvæði lífi og samtvinna þá starfsemi atvinnu- og íbúðabyggð með spennandi hætti, segir Júlíus Vífill.“

Heilsugæslan á Seltjarnarnesi

Heilsugæslan á Seltjarnarnesi flytur aftur á Suðurströnd, 7. desember eftir ársdvöl á Landakoti.

Lokað verður vegna flutninga frá kl. 12:00 fimmtudaginn 3. desember. Stefnt er að því að opna aftur á hádegi mánudaginn 7. desember.

Við hlökkum til að taka á móti skjólstæðingum okkar í endurbættu húsnaði stöðvarinnar.

JÓLIN Á APOTEKINU

Níu rétta lúxus jólaveisla

FORDRYKKUR / 6 FORRÉTTIR / 2 AÐALRÉTTIR / EFTIRRÉTTUR

9.500 kr.

Borðapantanir í síma 551 0011

APOTEK

KITCHEN+BAR

apotek.is

Mynduðu hjarta og tákn gegn einelti

Krakkarnir í frístundaheimilinu Selinu hafa unnið ótullega að því undanfarið að láta samborgurum sínum líða vel. Þeir tóku þátt í vertu næs átakanu með því að mynda fallegt hjarta á skólalóð Melaskóla, þeir skráðu sig í gleðiklúbb Selsins, þar sem þeir teiknuðu fallegar myndir sem þeir síðan „seldu“ gangandi vegfarendum í Vesturbænum gegn því hógværa gjaldi, brosi.

Einnig sungu þeir fyrir sundlaugagesti þannig að fólkinu í heita pottinum hlýnaði ekki bara á kroppnum heldur hlýnaði þeim líka um hjartaræturnar við þetta frábæra framtak krakkanna. Loks tóku krakkarnir skýra afstöðu gegn einelti og sögðu nei við einelti á eineltisdaginn með því að mynda græna karlinn á skólalóðinni, sem skýrt tákn um afstöðu þeirra, en græni karlinn hefur hlutverk



Hjartað sem krakkarnir í Selinu mynduðu á lóð Melaskóla.

verndara, þess sem er á móti einelti og hjálpar, eða reynir að hjálpa þolanda. Með svona fólki

við stjórnvölinn þurfum við ekki að kvíða framtíð friðarlandsins Íslands.



Græni karlinn er táknmynd gegn einelti.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@fr.is



Vinavika

Hin árlega vinavika í Granda-skóla einkennist af umræðum um vináttuna og góð samskipti og hvernig koma megí í veg fyrir einelti. Í vinavikunni voru sérstakir tilbreytingardagar eins og jafnan þegar efnt er til slíkrar viku í skólanum.

Að þessu sinni komu allir



krakkar í skrautlegum eða skemmtilegum sokkum á mánudag. Á miðvikudegi gátu krakkarnir

komið með uppáhalds bangsana eða tuskudýrin sín í skólann og á fimmtudeginum var sérstakur litadagur. Fyrsti- og fjórði bekkur komu í rauðu, annar- og fimmti bekkur í bláu og þriðji- og sjötti bekkur voru með grænan einkennislit en í sjöunda bekk ríkti litagleði þar sem krakkarnir komu í mörgum litum. Á föstudeginum – síðasta degi vinavikunnar var lögð áhersla á hárgreiðslu, húfur og hatta.

HÁRSAGA

Hótel Sögu - Hagatorg 1



Sigrún



Sandra



Sandra Dís



Kristín



Kristbjörg



Ingunn



Brynhildur

Við bjóðum fyrsta flokks þjónustu fyrir dömur, herra og börn á öllum aldri.

Kíktu við eða pantaðu tíma í síma **552 1690**.

Við hlökkum til að sjá þig!

HÁRSAGA

Afgreiðstími: Mán. - fös. 9-18 • Laug. 10-16

Tímapantarnir: 552 1690

Útíkennsla í Vesturbæjarskóla



Krakkarnir í öðrum bekk í Vesturbæjarskóla fengu skemmtilegt verkefni í útíkennslu á dögnum en það var að athuga hvar nöfn höfuðáttanna, norður, suður, austur og vestur væri að finna í götuheitum í Vesturbænum og Kvosinni í Reykjavík. Og viti menn – þau komust að því að höfn höfuðáttanna var að finna í fjórum götuheitum og meira að segja að tvær þessara gatna tengdust en það eru Vesturgata og Norðurstígur og á myndinni má sjá hópinn á horni þessa tveggja gatna neðst í Vesturbænum.

Í Frostheimum er gaman

... segja þær Helga og Elva Dís sem skrifuðu eftirfarandi grein fyrir Vesturbæjarblaðið

Í Frostheimum er gaman, og skemmtilegt að fá að baka t.d. kökur.

Það er góður og fjölbreyttur matur í Frostheimum. Það er nýbúið að vera Vináttuvika. Við fórum t.d. í ljósmyndasmiðju sem var tengd vináttu. Þá fengum við að taka myndir af vinum. Það var mjög gaman.

Oft er hægt að fara í leiklist í Sólheimum, það er gaman að fá að leika í leikriti.

Allir eru vinir í Frostheimum. Frostheimar eru frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk í Melaskóla, Grandaskóla og Vesturbæjarskóla.

Kveðja úr Frostheimum, Helga og Elva Dís.



Af þessum andlitum má sjá að það er gaman í Frostheimum.



Helga og Elva Dís með handritið að greininni sinni.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Eftirgerðir af munum frá Skriðu-klaustri, unnir af Inga í Sign.
Lykill 17.900 kr.
Hnappur 13.900 kr.

Óróar frá Laufabrauðssetrinu
Verð 995 kr. – 1295 kr.



Hrafnar frá Flóka og Co.
Stærri: 10.000 kr.
Minni 8.800 kr.



Dimmalimm matarsett frá Ísafold Art and Design.
Hnífapör 3.500 kr.
Diskur og bolli 6.500 kr.

Jólapóstkort frá Þjóðminjasafni, margar gerðir 150 kr.



Jólaflínan 2015 frá Heklu
Kerti 1.995 kr.
Servíettur 995 kr.
Eldspýstustokkur 695 kr.



Sérpakkað rjómasúkkulaði með hnetum og rúsínum 695 kr.
Safnbúðin

Handklæði frá Svartfugli.
Stórt 4995 kr.
Miðstærð 2995 kr.
Lítið 1495 kr.



Minnisbók 3.250 kr.
Safnbúðin

Safnbúð Þjóðminjasafnsins

Fallegar gjafir
á góðu verði



Jólatré 19.900 kr.

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is · Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11–17

sushi
samba



7.900 kr.

Fordrykkur og 6 rétta deluxe

Jólamatseðill

Skoðaðu matseðilinn á sushisamba.is

Borðapantanir í síma 568-6800

sushisamba.is

Matarbúrið í Örfirisey

Nautakjöt beint frá býli í sérverslun

Þórarinn Jónsson bóndi á Hálsi í Kjós opnaði Matarbúrið verslun með kjötvörur í gömlu verbúðunum á Grandagarði fyrir nokkru ásamt eiginkonu sinni. Hann hefur einbeitt sér að framleiðslu á úrvals nautakjöti um árabíl og selt beit frá býli. Hann var ásamt fjölskyldu sinni með verslunaraðstöðu heima á bænum í kjósinni en síðan ákváðu þau að færa út kvíarnar og flytja verslunarstarfsemiina til Reykjavíkur.

„Við fórum eingöngu í nautakjötrframleiðsluna 1998 eða fyrir 17 árum. Þá hættum við allri mjólkurframleiðslu en festum í stað þess kaup á holdagripum úr Skagafirði og frá Hvanneyri. Þetta þróaðist hjá okkur, við lögðum fljótt áherslu á að selja beint frá býli, til að byrja með í stærri stykkjum en 2009 vorum við komin með kjötvinnslu og síðar verslun heima á Hálsi. Fólki fannst ekkert mál að skreppa upp eftir eða koma við ef það átti leið hjá og þetta vatt upp á sig. Það var eiginlega svo komið að við vorum hætt að geta tekið á móti þeim fjölda sem sótti okkur heim að Hálsi. Þegar fólk var komið í sveitina var það ekki alltaf að horfa í ákveðinn opnunartíma og okkur fannst einnig að við yrðum bara að taka fólki vel á á hvaða tíma sem það var þótt það gæti stundum verið nokkuð annasamt,“ segir Þórarinn í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Örfirisey kom fljótt í hugann

Ög þá var farið að huga að aðstöðu í borginni. „Já- og Örfirisey kom mjög fljótt upp í hugann. Við vorum eiginlega strax frá byrjun ákveðin í að finna okkur húsnaði hér. Ég er kannski



Þórarinn Jónsson bóndi og kjötkaupmaður og Lís Boije af Gennaes kona hans í versluninni í Örfirisey.

með hálfgerða delli fyrir þessu svæði. Það hefur alltaf heillað mig og ég fór oft hingað út eftir í bæjarferðum – næstum því bara til þess að koma á staðinn og horfa í kringum mig. Í mínum huga er gamla höfnin sérstakt mannlífs- og menningarsvæði. Þetta var aldrei spurning og við getum ekki séð eftir því. Þetta hefur gengið mjög vel hjá okkur og vandinn er fyrst og fremst að anna eftirspurninni.“ Þórarinn segir að þau selji aðeins eigin framleiðslu beint frá býli eins og það sé kallað. „Þess vegna er ekki víst að við getum annað öllu – til dæmis nokkrum kílóum af nautalundum í einu komi einhver og biðji um það. Við gætum auðvitað keypt inn frá öðrum framleiðendum innlendum eða erlendum en það er stefna okkar að selja eigin framleiðslu og láta þar við sitja.“

Eldunin er mikilvæg

Aðspurður kveðst Þórarinn ekki geta talið kjötið lífræna framleiðslu. „Við höldum þessu þó eins náttúruvænu og hægt

er. Það eina sem skilur okkur frá hreinum lífrænum búskap að við berum nokkuð en þó hóflegt magn af tilbúnum áburði á túnin þaðan sem hefyngurinn kemur, en allir okkar gripir eru aldri á grasi.“ Þórarinn segir að þau reyni eftir föngum að leiðbeina fólki hvernig matbúa eigi nautakjötið vegna þess að ef fólk eigi að fá virkilega góðar máltíðir þurfi að vanda sig dálítið. „Það eru til margar aðferðir til við að matbúa nautakjöt en eitt af því sem forðast verður er að ofelda kjötið. Það er allt annað en það sem við köllum hægja eldun. En svo er smekkur fólks eins misjafn og það er margt og ein eldunaraðferð hentar einu en allt önnur öðrum. Nautakjötið felur svo margt annað í sér en það sem fólk kallar oft „fínar steikur“ og eru aðallega af hryggnum. Það eru margir vöðvar í nautinu og nauðsynlegt að matbúa hvern bita á réttan hátt. Meðferðin á hráefninu skiptir miklu máli og því reynum við að vera fólki innan handar óski það eftir því.“



Sjöttu bekkingar úr HH í Melaskóla fóru í heimsókn í Vísindasmiðjuna í Háskóla Íslands 5. nóvember sl. Þar sem margt forvitnilegt var að sjá og uppgötva.

Ari eðlisfræðingur sýndi krökkunum fjölbreyttar tilraunir og Sævar stjórnufræðingur fræddi þau um gang himintungla auk þess sem sjöttubekkingarnir fengu að kynna sér ýmsa hluti og prófa. Það var samdóma álit krakkanna að ferðin hafi verið skemmtileg en einnig mjög lærdómsrík.

Safnbúðin Grófarhúsi



Þú finnur gjafir sem gleðja í safnbúðinni okkar



Lífrænn, smart og notalegur!



Einstaklega vandaður 360° jóga/þægindafatnaður úr lífrænni, sterkri, "Fair trade" bómull frá Prancing Leopard sem hefur slegið í gegn í Systrasamlaginu.

Eigum nú með nýju sniði: Buxur Boli Toppa SAMFESTINGA

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagið
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16

HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólagjöf

15%
Jólaafsláttur af
þessum frábæru
hleðslutækjum



SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bildshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

Bernskuminningar úr Vesturbænum

Vesturbæjarblaðið sækir bernskuminningu á Bráðræðisholtið eitt af kennileitum Vesturbæjarins að þessu sinni. Bráðræðisholtið er kennt við bæinn Bráðræði sem stóð þar sem nú er Grandavegur 37. Nokkrir torfbæir voru í grenndinni en þetta voru allt hjáleigur frá Seli eða Stóri-Seli eins og það var síðar kallað. Auk Bráðræðis teljast Litla-Sel, Steinsholt, Pálshús, Lágholt og Háholt til Sels hjáleiga. Hali stóð á núverandi gatnamótum Bræðraborgarstígs og Ránargötu auk Ánanausta og Garðshúsa stóðu í landi Hlíðarhúsa. Fyrst er getið um Bráðræði í heimildum frá 1784, Litla-Sel, Pálshús og Steinsholt rísa á fyrri hluta 19. aldar en Lágholt og Háholt eftir 1850. Torfbæirnir voru allir rifnir á seinni hluta 19. aldar og bæir með sömu nöfnum reistir í staðinn. Selsbæirnir tilheyrðu Seltjarnarneshreppi til 1835 þegar þeir færðust undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Einn þeirra er alið hefur manninn á Bráðræðisholtinu er Magnús Steingrímsson húsasmíðameistari. Hann er fæddur á fyrri hluta fimmta áratugarins og ólst upp á holtinu löngu áður en það tók á sig núverandi mynd. Magnús hugar að bernsku sinni fyrir Vesturbæjarblaðið.

Þetta var bara sveit

Ég er fæddur á fæðingar-deild Landspítalans en er svo samofinn Bráðræðisholtinu að segja má að ég sé fæddur þar enda komin heim vikugamall. Ég ólst síðan upp í þessum borgarhluta sunnan megin við Hringbrautina, fyrir vestan Kaplaskjólsveginn og norður af núverandi athafnasvæði KR. Afi minn átti Lágholt hús sem löngu er farið og stóð þar sem rauða blokkir sem stendur við gamla Lágholtssstíginn í dag endar.

Faðir minn var fæddur í Lágholti og móðir mín var af Bakkastígnum. Símon afi minn var einn af stofnendum verkamannafélagsins Dagsbrúar. Svo hreinræktaður Vesturbæingur er ég. Ég er alin upp í Birtingaholti og er sá eini af ættfólki mínu sem enn býr á holtinu. Ég keypti húsið af móður minni og hef ekki haldið fram hjá þessari byggð utan nokkur ár sem ég bjó í Vogum á Vatnsleysuströnd. Sagan að baki því er þó ekki sú að ég hafi fengið nóg af holtinu heimahögum mínum heldur gerðist það að kunningi minn sótti um lóð suður í Vogum því þær voru ódýrari en í Reykjavík og fékk úthlutað lóð fyrir parhús. Þá kom upp spurningin hvað gera ætti við hinn hlutann af lóðinni og þar sem ég er húsasmiður ákvað ég bara að byggja á móti honum. Ég bjó syðra í um sjö ár en þá var ég orðinn giftur maður og við þreytt á flakkinu á milli morgna og kvölds. Við ákváðum flytja úr Vogunum - að fara til baka

og ekki skemmdi fyrir þeirri ákvörðun að geta flutt aftur heim á Holtið.

Allir þekktu alla

Þótt ég muni ekki eftir torfbæjabyggðinni eða hinni fyrstu byggð sem reis þarna upp frá sjónum þá hef ég fylgst með flestum þeim breytingum sem orðið hafa á þessum slóðum síðustu hálfa öldina og eru enn að enga sér stað. Það var allt öðruvísi umhorfs á Bráðræðisholtinu þegar ég var að alast upp. Flest gömlu húsin sem byggð voru á rústum torfbæjanna gömlu stóðu enn, sum voru sögufræg og mannlífið tók nokkurt mið af byggðinni. Þetta var eins og sveit. Allir þekktu alla og vissu flest um flesta. Dagný Nielsdóttir systir séra Árelíusar sem lengi var prestur í Langholtssókn bjó í Liljuhúsi ásamt Sigurði Brynjólfssyni ásamt fimm börnum sínu. Skammt frá stóð hús sem oftast var kallað Úlfaldinn. Magnús Brynjólfsson reisti það og bjó þar í nokkur ár með konu sinni, Margréti Ólafsdóttur, og móður, Ásdísi Sigurðardóttur, frá Miðhúsum í Biskupstungum og Stardal í Mosfellssveit. Þar austan við var Hvíta húsið sem sem foreldrar þeirra bræðra Péturs Péturssonar útvarpsþular og Jóns Axels Péturssonar bankastjóra bjuggu. Hægra megin við þetta var húsapýrping sem kölluð var Bráðræði. Efst og neðst



Strákarnir í KFUM á Holtinu um miðbik liðinnar aldar. Magnús er fimmti frá vinstri í efri röð. Strákurinn í fremri röð sem er með lepp fyrir auga er Ásgeir Theodórs læknir og sérfræðingur í meltingasjúkdómum.

voru hús sem bæði voru kölluð þessu nafni. Á milli þeirra var fjós og hlaða sem talið er að Thor Jensen hafi reist. Í neðra húsinu bjó Sveinn Jón Einarsson sem alltaf var kallaður Sveinjón. Sonur hans var Ingólfur lögreglumaður í Reykjavík og faðir Rósu Ingólfssdóttur lista- og sjónvarpskonu. Þarna voru líka Pálshús, Dvergasteinn, Lágholt, Setberg og Sjávarborg og fleiri hús sem búið er að rífa. Eitt þeirra húsa sem stóð á holtinu sunnan megin við húsalengjuna við Grandaveg 37 til 39 og var frægt fyrir að Pétur Rögnvaldsson, sem var ættaður frá Siglufirði frjálsíþróttamaður og síðar kvikmyndaleikari ólst þar up en hann var sá Íslendingur sem fyrstur komst til frægðar og frama við kvikmyndagerð í Hollywood. Niður við Grandavegin voru skemmur Sambands íslenskra samvinnufélaga sem voru rifnar og byggðar íbúðablokkir á lóðinni.

Gaman að alast upp á þessum slóðum


Þegar ég lít til baka kemur

fyrst og fremst í hugann hversu gaman var að alast upp á þessum slóðum. Það var ekki síst ánægjulegt á meðan Framnesvöllurinn fékk að vera í friði en hann var eitt aðal leiksvæði okkar. Og svo var það Selsvörin. Við fórum oft þangað og Pétur Hoffman var kóngurinn þar. Alla vega að eigin álit. Þar var stórt leiksvæði og einnig á stakkstæðinu hjá Bæjarútgerðinni. Þar þurrkuðu þeir timbur sem kölluð voru lestarborð og notuð um borð í

gömlu síðutogurunum. Borðin voru ekki neglt saman og við tókum þau gjarnan til handargagns þegar þau lágu á stakkstæðinu og bjuggum til kastala úr þeim. Karlarnir hjá bæjarútgerðinni lofuðu okkur alveg að byggja úr borðunum og ég held að þeir hafi fattað að þau þornuðu mikið fyrr þegar búið var að reisa þau upp en á meðan þau lágu á jörðinni. Öskuhaugarnir voru líka skammt undan og síðan Eiðistjörnin. Þá gátum við gert pramma úr



Húsapýrping á Bráðræðisholtinu á fimmta- til sjötta áratugnum.



Lágholt eins og það leit út á þessum árum.



Og þarna fékk ég bíladelluna. Fyrsti bílinn var Ford Fairline árgerð 1955. Sannkallaðir amerískur kaggi.

olíutunnum og siglt út á hana og komið rennbautir til baka. Það var líka fullt af stelpum á holtinu. Það kenndi ýmissa grasa í mannlífsflórunni.“

Kýr, kindur og hænur

Grandinn var allt öðru vísi á þessum tíma. Það var mýri þar sem Aflagrandinn er nú og mógrafir. Eitt sinn hlekkdist herflugvél á. Hún kom logandi inn yfir landið og steiptist ofan í mógröfina. Mamma horfði á þetta og hélt að vélin myndi lenda á húsinu hjá okkur og þá hefði trúlega ekki þurft að spyrja að leikslukum. Lengi á eftir stóð stélið upp úr mógröfinni en líkamsleifar áhafnarinnar voru fluttar burt í hjólbörum. Mér er samheldnin líka minnisstæð og hvað ég átti marga góða leikfélaga. Vissulega var samfélagið á mörkum þess að vera bær og sveit og ég man eftir einni konu sem átti kú. Okkur strákunum fannst það svolítið merkilegt og áttum til að uppnefna hana fyrir vikið en ég held nú að það hafi verið fremur saklaust einelti enda um ljúfa manneskju að ræða sem engum gerði meitt. Fleiri voru með kýr en þær voru þó óðum að hverfa þegar þarna var komið sögu. Sigursteindör faðir Ástráðs skólastjóra og afi séra Valgeirs sem lengi var prestur í Breiðholti- nu átti heima á Holtinu og var með kindur. Jói Laxdal átti hesta og Sveinjón var með búskap auk þess að hann vann við að hreinsa kamrana á Holtinu og fór þá um með tunnu á hestvagni. Sveinjón var dugnaðarmaður og eitt af því sem hann bjó með voru hænur. Ein af skemmtunum okkar á þessum árum var að sitja á steinveggnum fyrir framan húsið hjá Sveinjóni og Rósu og horfa á hann þegar hann var að höggva hænurnar. Hann var með fjalhögg og exi og svo lagði hann hænurnar á fjalhöggið, reiddi exina á loft og hjó hausinn af þeim. En svo sleppti hann þeim og í dauðateygjunum flugu þær hauslausar út um allt oftast á næsta vegg og skyldu stundum blóðdropa eftir sig áður en þær féllu til jarðar og karlinn kom og týndi þær upp.

Heimakennsla, Melaskóli og Gaggó Vest

Og svo komst ég á ferming- araldurinn. Séra Jón Thoraren- sen fermdi mig. Hann var prestur í Nessókn en þegar ég fermdist var ekki búið að byggja Neskirkju. Ég kynntist líka séra Frank M. Halldórssyni sem lengi var prestur þar og Georg bróðir hans var skólabróðir minn. Skólagangan hófst með heimakennslu í húsi á Ránar- götunni en svo tók Melaskól- inn við. Hagaskólinn var ekki kominn til sögunnar svo ég fór aftur í áttina að heima- högunum í Gagnfræðaskólann við Hringbrautina sem var í JL Húsinu. Ég kláraði millinámið við Hringbrautina og fór síðan í



Magnús Steingrímsson húsasmíðameistari.

Iðnskólann á Skólavörðuholtinu til þess að taka húsasmíðanámið en svo liðu nokkur ár þar til ég tók meistaraskólann. Á ég ekki að segja að ég hafi gert það á gamals aldri.

Hélt að ég væri sloppinn

Ég var orðinn 36 ára þegar ég náði mér í konu. Ég vann sem smíður hjá Sláturfélagi Suðurlands og hét eiginlega að ég væri sloppinn. Það færi engin að líta á mig eftir þetta. En það fór nú öðruvísi. Við kynntumst há Sláturfélaginu. Hún heitir Jóhanna H. Oliversdóttir og er ættuð vestan úr Ólafsvík og ég varð fljótt áskynja um að ég væri heppin með tengdafólk. Það er nefnilega líka ágætt fólk á Snæfellsnesi rétt eins og á Bráðræðisholtinu. Við giftum okkur 1978. Ég var búinn að byggja húsið í Vogunum og það stóð tilbúið með eldhúsi, gárdinum og mig minnr að ég hafi verið búinn að kaupa sófa. En ég hafði ekki flutt inn í það. Konan setti það ekkert fyrir sig þótt hún hefði ekki fengið að ráða neina um húsið eða búnaðinn en eftir nokkur ár fórum við að að huga að búfer- laflutningum. Urðum þreytt á daglegum ferðalögum fram og til baka. Við eignuðumst Birtin- gahotlið æskuheimili mitt eða Framnesveg 59 og dóttir okkar fór í Melaskólann þegar hún var sex ára.

Bara minn punktur

Að flytja á gamlar slóðir er bara minn punktur – hluti af lífinu. Ég er mjög sáttur og fer ekkert héðan ótilneyddur. Nú erum við Jóhanna orðin tvö í húsinu. Þetta er ekki stórt hús. Um 40 fermetra grunnflötur eða um 80 fermetrar auk kjallarans. Ég hugsa stundum til þess að á sínum tíma voru 19 mans með lögheimili á Framnesvegi 59 og það var kolaþvottapott- ur í kjallaranum sem ég flutti í burtu eftir að ég kom aftur. Svona breytast tímarnir.

Landakotsskóli:

Alþjóðaverkefnið eykur tengslin

Síðastliðið haust hófu 24 nemendur nám í alþjóðlegri deild innan Landakotsskólann. Samstarf milli almennra bekkjadeilda og alþjóðlegra bekkja var upphaflega skipulagt með þeim hætti að nemendur í systrabekkjum væru saman í list- og verknámi og íþróttum.

Verkefnið hefur aftur á móti þróast á þann veg að tengsl hafa smám saman verið að aukast á ýmsum öðrum sviðum. Skemmtilegt dæmi má sjá á myndinni hér til hliðar þar sem 2. bekkur og B hópur alþjóðadeildar vinna saman að verklegri tilraun sem umsjónarkennarar skiptast á um að skipuleggja. Á myndinni má sjá rannsakendur gera tilraun þar sem vökvum með ólíkt fituinnihald er blandað saman. Notuð voru hversdagsleg efni, nýmjólk, léttmjólk, sápa, matarlitur, eyrnapinnar og pappadiskar. Áður en nemendur



hefst handa setja þeir fram tilgátu um hvað þeir haldi að muni gerast. Í kjölfarið skrá þeir

niður það sem raunverulega gerðist, í hvaða röð var unnið og hvað var notað.

Njóttu stemningarinnar

Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Skötuhlaðborð á Restaurant Reykjavík 23. desember

ÞORLÁKSMESSUSKATA

Á Þorláksmessu bjóðum við upp á einstaklega girnilegt skötuhlaðborð.

SÍLDARVEISLA	AÐALRÉTTIR	EFTIRRÉTTIR
Lauksíld	Kæst Tindabikkja	Ris a la mande
Appelsínumarineruð síld	Reyktur Lax með hvítlaukssósu	Kanil og rósmarin ostaterta
Fennel og agúrku síld	Skötustappa	Piparköku-Brownie
Jólasíld	Saltfiskur	Úrval af ísum
Lakkríssíld	Plokkfiskur	Frómas

Verð kr. **4.900**

Í hádeginu og um kvöldið

Í hádeginu verður **Eyjólfur Kristjánsson** í jólaskapi með gítarinn

Bókið tímanlega í síma

552 3030

RESTAURANT REYKJAVÍK

Tel +354 552 3030
restaurant@restaurantreykjavik.is
www.restaurantreykjavik.is
Vesturgata 2 - 101 Reykjavík

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!





Fáanleg í 12 litum



Frábær gjöf fyrir dómur á öllum aldri

Verð kr. 3390
Barnastærð f. 3-9 ára kr. 3190

Helstu útsöluaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Lyf og heilsa; JL húsi, Krínglu og Austurverí, Minja, Snyrtivöru-
búðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver,
Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek,
Urðarapótek, Balletbúðin Arena.

Netverslanir Aha.is, Heimkaup,
Krabbameinsfélagið og Netsöfnun.



höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook



Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188 & 895 8298



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Bryggjan Brugghús

Nýtt brugghús og veitinga- staður á Grandagarði

Bryggjan Brugghús er eitt þeirra fyrirtækja sem staðsett hefur verið í Örfirisey nánar tiltekið á Grandagarði 8 - á jarðhæð CCP hússins. Brugg- húsið opnaði 5. nóvember síðastliðinn og skiptist staðurinn í tvo hluta, annars vegar stórt barpláss, sem er svona “pub” þema og tekur um það bil 120 manns í sæti og hins vegar er er bistro með um það bil 150 manns í sæti hinu megin í húsinu.

Matseðill hins nýja veitinga- staðar er með fiskipema enda heitir þetta Bryggjan Brugghús og allir geta fundið eitthvað fyrir sig – allt frá frá hamborg- urum til grænmetisréttta. „Bar- plássið er kjörið til þess að taka á móti stórum hópum, eins og árshátíðar fyrirtækja eða vinahópa, en það er einnig mjög velkomið að líta einfaldlega við og fá sér einn bjór eða tvo,“ segir Bergur Gunnarsson bruggari í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

En hvað er svo á stórum matar- og bjórseðli sem Bryggjan Brugghús býður upp á. „Við bjóðum bæði bjór og matarpantanir, bjórsmakk ásamt því að gefa minni hópum skoðu- narferð um brugghúsið ef áhugi er fyrir því. Við bjóðum einnig upp á þrjár bjórtegundir frá okkur á krana eins og staðan er í dag. Einnig erum við með fjórar bjórtegundir frá Borg, tilrauna- brugghúsi Ölgerðarinnar og tvær



Bergur Gunnarsson við bruggtækin í Bryggjan Brugghús á Grandagarði.

eru yfirleitt innfluttir bjórar frá brugghúsum frá Evrópu eða Bandaríkjunum,“ segir Bergur.

Tveir til þrír karanabjórar

„Þessa dagana erum við að bjóða upp á Bryggjan Lager, Bryggjan Pale ale og Bryggjan session IPA. Lagerinn er bara nokkuð venjulegur þýskur lager, pale ale-inn er humlað eða beiskt en auðdrekkanlegt öl og session IPA sem er nokkuð beiskur bjór með lága áfengisprósentu eða í kringum 4,8%. Það verða svona tveir til þrír kjarnabjórar sem

verða yfirleitt í boði hjá okkur svo munum við einnig brugga árstíðartengda bjóra eins og jólabjór eða sumarbjór. Einnig munum við brugg sérbjóra sem yrðu þá hugsaðir fyrir bjórahugafólk.“

Glerveggur á milli bruggunar og bars

Glerveggur er á milli brugg- hússins og barplássins svo að allt brugghúsið sést úr barsalnum þannig að þetta er fullkominn staður fyrir áhugafólk um mat og bjór. Einnig erum við með hæfan kokteilarbarþjón ásamt því að vera með stóran vinkjall- ara þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Bergur og er þotin til þess að líta eftir bjórframleiðslunni.

Leila komin með Guerlain

Snyrtistofan Leila Eiðistorgi hefur fengið til sín hið glæsilega Franska snyrtivöru- merki Guerlain.

Laufey Birkisdóttir snyrtifræðingur og eigandi snyrtistofunnar þekkir þetta vörumerki mjög vel. Hún seldi merkið á Guerlain snyrti- stofu sinni á Óðinsgötu í mörg ár. Guerlain vörurnar eru heims- þekktar snyrtivörur í hæsta gæðaflokki.

Laufey Birkisdóttir hefur beðið í nokkurn tíma eftir að geta boðið sínum kunnnum Guerlain. Laufey segir að það sé allt að fyllast hjá sér fyrir jól í allskonar meðferðir og gjafakassar og gjafakortin séu sívinsæl.



Laufey Birkisdóttir snyrtifræðingur.

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS
1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

 Rauði kross Íslands

„Ég er löggiltur fasteignasali og hef starfað við sölu fasteigna samfleytt frá árinu 1997“.

www.frittsoluverdmat.is



ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali
s. 690 3111



Stefán Logi og Hrafnhildur markverðir ársins

Stefán Logi Magnússon og Hrafnhildur Agnarsdóttir voru á laugardag útnefnd markverðir ársins. Markvarðafélag KR stendur að útnefningunni.

Verðlaunin eru farandbikarar og eru afhent árlega. Það var Heimir Guðjónsson sem gaf bikarinn á sínum tíma en þar sem hann er búsettur erlendis afhentu þeir Guðmundur Pétursson, Páll Ólafsson og Magnús Guðmundsson verðlaunin.



Á myndinni fyrir ofan frá vinstri Guðmundur Pétursson, Hrafnhildur Agnarsdóttir, Páll Ólafsson og Magnús Guðmundsson.

Á myndinni fyrir neðan frá vinstri Guðmundur Pétursson, Stefán Logi Magnússon, Páll Ólafsson og Magnús Guðmundsson.



Kári og Sveina Rósa sigruðu

Kári Ármannsson og Sveina Rósa Sigurðardóttir sigruðu í sínum aldursflokki á Aldursflokkamóti Umf. Samherja, sem fram fór á Hrafnagili í Eyjafirði sunnudaginn 15. nóvember. KR átti 9 af 36 keppendum á mótinu, sem er hluti af aldursflokkamótaröð Borðtennissambands Íslands.

Sex af keppendum KR tóku þátt í flokki sveina fæddra 2001-2002. KR átti alla fjóra verðlaunahafana. Kári Ármannsson sigraði Inga Brjánsson 3-0 í úrslitunum, en Ellert Kristján Georgsson og Karl A. Claesson höfnuðu í 3.-4. sæti. KR átti báða keppendurna í flokki meylla fæddra 2001-2002. Sveina Rósa Sigurðardóttir sigraði Guðbjörgu Lív Margrétardóttir 3-0 í úrslitaleik.

Eiríkur Logi Gunnarsson varð í 2. sæti í flokki hnokka fæddra 2005 og síðar. Hann tapaði 1-3 í úrslitaleik fyrir Sindra Sigurðssyni úr Umf. Samherjum.

Tíu ungir borðtennisspilurar úr KR taka þátt í aldursflokkamóti Umf. Samherja, sem fram fer á Hrafnagili í Eyjafirði sunnudaginn 15. nóvember. Mótið



er hluti af aldursflokkamótaröð BTÍ. Hópurinn fer norður á föstudaginn, þar sem á laugardaginn verða æfingabúðir á Hrafnagili. Kristján Viðar Haraldsson og Skúli Gunnarsson þjálfarar hjá KR verða með keppendum á mótinu.

Leikmenn og foreldrar þeirra hafa fengið póst með nánari upplýsingum um ferðina og hagnýtum upplýsingum tengdum henni.

Aldís Rún sigraði á Pepsi Grand Prix

Aldís Rún Lárusdóttir sigraði í opnum flokki kvenna á Pepsi Grand Prix móti Víkinga, sem haldið var í TBR-húsinu laugardaginn 31. október. Hún lagði Eyrúnu Elíasdóttur úr Víkingi 4 til 2 í úrslitaleik.

Breki Þórðarson varð í 3. til 4. sæti í opnum flokki karla, en á leið sinni í undanúrslitin sló hann út Íslandsmeistarann Magnús K. Magnússon í Víkingi. Magnús hefur aðeins tapað örfáum leikjum fyrir Íslendingum síðustu tvö ár.

KR-SÍÐAN



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



Rauda Ljónið
síðan 1989

HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ

eda

BORÐAÐU Á STAÐNUM

flvöru matur

Coca-Cola

JÓLAD GATAL

Fáðu þér eintak og skreyttu

það með 24 Happaprennum



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Tímalaus hönnun í jólapakkann



Jens

Kynslóð eftir kynslóð



Jöklaskálar
lítil 5.900.-
stór 7.900.-



Sultuskeið
6.900.-



Ostahnifur
6.900.-



Salattöng
13.900.-



Kökuhnifur
12.800.-

Margverðlaunuð kortaveski frá **Secrid** í miklu úrvali

- * Fyrirferðarlítill og flott veski fyrir alla
- * Framleidd úr gegnheilu áli sem ver

kortin þín fyrir hnjaski og gagnþjófnaði

Verð frá 6.300.-

Jens | Grandagarði 31, Kringlunni og Smáralind | sími 546 6446 | www.jens.is



Gjafir sem gefa!



Íslenska FLOTHETTAN!

Nú með nýju mynstri
eftir Sigga Eggertsson.

Án efa notalegasta
jólagjöfin!



Nærandi MÖNTRUARMBÖND!

Orð eru til alls fyrst.
Silfrúð & gyllt.

Á konur og karlmenn.



Lífræn, frönsk og HEILANDI!

Dr. Bach eru eka þriggja laga
lífræn frönsk ilmvötn sem
ýmist færa ró, gefa orku, auka
sjálfstraust, endurnæra og/eða
fínstilla jafnvægið.
Hentar líka þeim sem ekki
þola ilmvötn.



Ekkert toppar MANDUKA!

Manduka PRO og eKO jógaðýnur
í mörgum litum og stærðum.

Einnig jógaþandklæði, -púðar, --kubbar,
-töskur, -bönd ofl. fylgihlutir.

Manduka gefur tóninn í jógaheiminum.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16